

**60** að koma fram með breytingartillögur við lagafrumvarp þetta, og gæti það síðan, ef til vill 26. maí. komið fyrir næsta alþingi.

**61** **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu-  
16. maí bátsferða um Ísafjarðardjúp.** — Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, fyrir hönd hlutadeigandi sýslunefndar og bæjarstjórnar í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 9. þ. m., þar sem þjer skýrið frá því að veittar hafi verið 550 kr. af sýslu-sjóði Norðurlisafjarðarsýslu og 150 kr. af bæjarsjóði Ísafjarðar til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á þessu ári, vil eg veita í sama skyni 2500 kr. af því fje, sem þar til er ætlað í 12. gr. C III 2 c fjárlaganna, þó með því skilyrði að gufubáturinn flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomu-stöðum án sjerstaks endurgjalds.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-legrar leiðbeiningar og eptirbreytni.

**62** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu  
18. maí um útflutningsgjald.** — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., skýrt svo frá, að nokkur dönsk, íslenzk og færeysk skip hafi bundizt í fjelagsskap um að fiska og flytja út nýtt heilafiski í sumar, þannig að skipin tæku sjer stöðvar við strendur landsins og fiskuðu á bátum frá þeim, annað-hvort í eða fyrir utan landhelgi, eptir því hvernig ástæði, en fiskur sá, er veiddist, yrði ekki fluttur í land, heldur fluttur nýr á gufuskip, sem lægi á höfn, eða jafnvel úti í rúmsjó, ef gott væri vedur, og væri svo sendur beint til Englands. Hafið þjer að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Barðastrandar-sýslu, sem kveðst vera í nokkrum efa um það, hvernig að skuli fara hjer að því leyti er snertir útflutningsgjaldið, þar sem í framkvæmdinni sje eigi hægt að greina miili þess afla, sem veiddur væri í landhelgi og sem yrði í þessu tilliti meðhöndlaður eptir 1. gr. laga 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., og þess afla, sem veiddur væri utan landhelgi, sem ekkert gjald yrði heimtað af, ef hann eigi væri fluttnr í land, sbr. stjórnarráðsbrjef 28. júní 1882 (Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 119 - 120), skotið til úrlausnar minnar eptirrituðum fyrirspurnum:

1. hvort innheimta beri útflutningsgjald af heilagfiski því, sem sent verður frá framannefndum skipum, og það jafnt, hvort það er fiskað í landhelgi eða utan, og
- 2, hvort útflutningsgjaldið beri að innheimta, hvort sem fiskinum sje skipað um bord í flutningsskipið á íslenzkri höfn eða annarstaðar í landhelgi, eða í rúmsjó fyrir utan landhelgi.

Jafnframt hafið þjer tekið það fram, að þjer sjeuð þeirrar skoðunar, að spurningum sýslumannsins beri að svara játandi, þar sem hjer sje um afla að ræða, sem taka má í landhelgi, og verði hann því að meðhöndlast eptir nefndri lagagrein.

Út af þessu skal yður, herra amtma ur þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknalegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samdóma á-liti yðar um þetta mál.